

15. ágúst 2022

Orkan IS ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Greinargerð vegna starfsleyfis fyrir bensínstöð Orkan IS ehf. á Skjöldólfsstöðum 1, 701 Egilsstaðir

Umsókn um endurnýjun starfsleyfi fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfsafgreiðslu á Skjöldólfsstöðum, 701 Egilsstöðum barst 28.6.2022. Umsækjandi er Orkan IS ehf., kt. 680319-0730.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 14. júlí sl. 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 11. ágúst 2022.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust á við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests og var starfsleyfi útgefið 15. ágúst 2022 með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt,

Dröfn Svanbjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi